

Ályktun og áskorun aðalfundar Félags rannsóknastjóra á Íslandi (FRÍ)

Þann 25. mars 2015

Aðalfundur FRÍ, haldinn 25. mars 2015, lýsir yfir þungum áhyggjum af því að enn sé ekki búið að taka ákvörðun um kaup á heildstæðu upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs á Íslandi. FRÍ skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að hraða ákvörðunartöku í þessu brýna hagsmunamáli. Búið er að vinna að þessu mikilvæga máli í um 4 ár, fjárveiting liggur fyrir upp á 70 mkr. og stofnanir sem stunda rannsóknir á Íslandi eru mjög hlynntar því að heildstætt upplýsingakerfi verði tekið upp sem allra fyrst.

Stefna og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016 felur m.a. í sér að skapa gegnsætt fjárhagslegt umhverfi fyrir háskóla og rannsóknarstofnanir svo ljóst sé að fjárveitingar tengist árangri og gæðum. Þróun heilstæðs upplýsingakerfis um afrakstur vísinda og nýsköpunar er forsenda þess að ná því markmiði og fleiri markmiðum í stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Afrakstur og eftirfylgni er mikilvægur hluti af stefnu og aðgerðaráætlun VogT og gengur meðal annars út á að bæta mat á gæðum og verðmætasköpun vísinda- og nýsköpunarstarfs á Íslandi. Ein forsenda fyrir bættu mati á gæðum er heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur rannsókna og nýsköpunar og er í raun ein af lykilaðgerðum í áætlun VogT.

Upplýsingakerfi um afrakstur rannsókna og nýsköpunar mun nýtast rannsóknar- og nýsköpunarumhverfinu á ýmsan hátt. Það mun veita yfirsýn yfir rannsóknar- og nýsköpunarstarf og auðvelda mat á virkni og gæðum rannsóknarstarfs í háskólum og rannsóknarstofnunum. Kerfið mun auðvelda umsýslu háskóla og stofnana á innri starfsemi og gera alla tölfraeðiúrvinnslu á rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi í landinu auðveldari og markvissari.

Upplýsingakerfið mun nýtast ýmsum opinberum stofnunum og nefndum sem koma að þessum málaflokki, t.d. Rannsóknarmiðstöð Íslands, Hagstofu Íslands, ráðuneytum á Íslandi, Vísinda- og tækniráði, Gæðaráði íslenskra háskóla, o.fl. Kerfið mun einnig gera rannsóknir og nýsköpunarstarf á Íslandi sýnilegra, bæði innanlands og erlendis og þannig auka verulega á ýmsa samstarfsmöguleika í rannsóknum og nýsköpun.

Samkvæmt stefnu og aðgerðaráætlun VogT er áætlað að Gæðaráð háskólanna taki að sér að framkvæma, samhliða úttektum á gæðum náms í íslenskum háskólum, úttektir á rannsóknum íslenskra háskóla. Upplýsingakerfi um afrakstur rannsókna og nýsköpunarstarfs er ein af grunnforsendum þess að það verði hægt. Áætlað er að úttektir á rannsóknum hefjist haustið 2016 og því er afar mikilvægt að flýta því að slíkt kerfi verði sett upp hér á landi.